

GJALDSKRÁ**fyrir sorphirðu í Rangárvallahreppi fyrir árið 1994.**

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 344/1987 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 1994 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

a) Íbúðir í þéttbýli	kr. 7 000
b) Íbúðir í dreifbýli	kr. 3 500
c) Sumarhús	kr. 2 950
d) Fyrirtæki sem losað er frá	kr. 7 000 (einn poki á viku)
e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald	kr. 26 000

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 27. janúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.***REGLUGERÐ****um skiptingu rekstrarkostnaðar Húsnæðisstofnunar ríkisins.**

1. gr.

Rekstrarkostnaður Húsnæðisstofnunar ríkisins skal færður á viðkomandi sjóði sem stofnunin rekur, þ.e. Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna og húsbrefadeild.

Launum og öðrum starfsmannakostnaði, húsnæðiskostnaði og afskriftum fastafjármuna skal skipta eftir fjölda starfsmanna hvers sjóðs.

Öðrum rekstrarkostnaði skal skipta eftir heildareign hvers sjóðs, í lok reikningsárs, að frádregnum lánveitingum milli þeirra.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 117. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. 2. mgr. 3. gr., öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. janúar 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.*Húnbogi Þorsteinsson.*